

155 fundur stjórnar SSV

Fundur haldinn í stjórn SSV, miðvikudaginn 26. ágúst 2020 kl: 10.00 í gegnum fjarfundabúnað

Mætt voru; Lilja B. Ágústsdóttir, Bára Daðadóttir, Einar Brandsson, Brynja Þorbjörnsdóttir, Ástríður Guðmundsdóttir, Davíð Sigurðsson, Eyjólfur I. Bjarnason, Sif Matthíasdóttir, Jakob B. Jakobsson, Jósef Kjartansson, Björn Hilmarsson og Atli Svansson. Auk þess sat Páll S. Brynjarsson framkvæmdastjóri SSV fundinn og ritaði fundargerð.

Lilja Ágústsdóttir, formaður SSV, setti fund kl.10.00

1. Fundargerð 154 fundar stjórnar SSV

Formaður lagði fram fundargerð frá 154 fundi stjórnar SSV til staðfestingar. Stjórn staðfesti fundargerðina.

2. Kosning varaformanns og ritara

Formaður stýrði kosningu varaformanns og ritara stjórnar SSV. Eyjólfur Ingvi Bjarnason var kosinn varaformaður og Jósef Kjartansson var kosinn ritari.

3. Ráðstefna um sameiningar sveitarfélaga

Fyrirhugað var að halda ráðstefnu um sameiningar sveitarfélaga að Laxárbakka í Hvalfjarðarsveit 3. september n.k. Vegna þeirrar stöðu sem komin er upp varðandi Covid var ákveðið að fresta ráðstefnunni. Stefnt er að því að halda ráðstefnuna í nóvember n.k. ef aðstæður leyfa.

4. Haustþing SSV

Lögð fram tillaga að dagskrá fyrir Haustþing SSV sem fer fram í Dalabyggð föstudaginn 16. október n.k. Stjórn samþykkti tillögu að dagskrá og að þema þingsins verði staðsetning opinberra (ríkis) starfa og nauðsynleg fjölgun þeirra á Vesturlandi.

5. Sóknaráætlun Vesturlands

Framkvæmdstjóri kynnti stöðuna á áhersluverkefnum Sóknaráætlunar Vesturlands, en öll verkefni er komin í gang. Samtals verður varið tæplega 70 m.kr. til þeirra á árinu. Þá kynnti framkvæmdastjóri fyrirhugaða úthlutun Uppbyggingarsjóðs Vesturlands til öndvegisverkefna og atvinnu- og nýsköpunarverkefna sem verða í september.

6. Staða landshlutasamtaka sveitarfélaga

Lögð fram skýrsla ráðherraskipaðs vinnuhóps um stöðu og framtíð landshlutasamtaka sveitarfélaga. Jafnframt voru lögð fram drög að umsögn frá SSV. Formaður greindi frá fundi formanna og framkvæmdastjóra landshlutasamtaka sem fór fram 19. ágúst s.l. en þar var ákveðið að stefna að því að senda sameiginlega umsögn frá öllum landshlutasamtökunum. Formanni og framkvæmdastjóra var falið að koma að þeirri vinnu fyrir hönd SSV.

7. Nýsköpun á Vesturlandi

Rætt var um nýsköpun í atvinnulífi á Vesturlandi. Í kjölfar ákvörðunar ríkistjórnarinnar um að leggja Nýsköpunarmiðstöð Íslands niður hefur orðið mikil umræða um nýtt skipulag á þjónustu við frumkvöðla og stuðning við nýsköpun. Landshlutasamtökin hafa átt fulltrúa í vinnuhópi um þessi mál og hefur verið töluverð umræða um hlutverk þeirra. Stjórn samþykkti að fela framkvæmdastjóra að boða til fundar um nýsköpun og í kjölfar fundarins yrði stefnt að því að setja á laggirnar vinnuhóp til að vinna tillögur að því hvernig efla skuli umhverfi nýsköpunar á Vesturlandi.

8. Endurskoðun byggðaáætlunar

Framkvæmdastjóri greindi frá fundi sem hann sótti í júní s.l. á vegum Byggðastofnunar og samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins sem markar upphaf að endurskoðun núgildandi byggðaáætlunar. Fyrirhugað er að Byggðastofnun muni funda frekar með landshlutasamtökunum í haust vegna þessa og búið er að opna fyrir samráðsgátt.

9. Samgönguáætlun Vesturlands

Í starfsáætlun SSV fyrir árið 2020 er kveðið á um að hefja endurskoðun á samgönguáætlun Vesturlands. Lögð voru fram drög að erindisbréfi fyrir vinnuhóp sem kemur til með að stýra verkefninu. Stjórn samþykkti drögin og framkvæmdastjóra falið að óska eftir tilnefningum frá sveitarfélögum. Stjórn mun skipa formann og verður það gert á næsta fundi hennar.

10. Fundir stjórnar SSV

Lögð fram tillaga að dagsetningu funda stjórnar SSV fram að aðalfundi 2021. Stjórn samþykkti tillöguna.

11. Skýrsla Arnarlækjar um virkjunarkosti á Vesturlandi

Framlögð skýrsla sem fyrirtækið Arnarlækur vann fyrir SSV um virkjunarkosti á Vesturlandi. Stjórn þakkar Arnarlæk fyrir greinargóða og vel unna skýrslu. Framkvæmdastjóra falið að undirbúa kynningu á skýrslunni.

12. Ráðstefna um áskoranir í matvælaframleiðslu

Framlagt erindi frá aðstandendum ráðstefnu um matvælaframleiðslu sem verður á Akureyri í október n.k. Stjórn SSV hefur því miður ekki tök á því að veita fjárhagslegan stuðning til ráðstefnunnar.

13. Framkvæmdir á vegum ríkisins á Vesturlandi

Í tengslum við átaksverkefni stjórnvalda vegna Covid 19 var samþykkt að fara í ýmsar framkvæmdir á Vesturlandi. Umræða um stöðu þessara framkvæmda. Framkvæmdastjóra var falið að aflar upplýsinga um stöðu þeirra verkefna sem fyrirhugað var að ráðast í á árinu 2020 og fyrirhugaðar fjárfestingar næstu ára.

14. Ályktun um hrognkelsaveiðar

Lögð fram tillaga að ályktun um hrognkelsaveiðar, en undanfarið hafa sveitarfélög á Vesturlandi hvatt stjórnvöld til þess að endurskoða fyrirkomulag veiðanna. Umræða varð um tillöguna og hún samþykkt með minniháttar breytingum. Ályktunin er svohljóðandi:

„Stjórn samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi hvetur Alþingi til þess að taka til umfjöllunar breytingar á fyrirkomulagi hrognkelsaveiða. Nauðsynlegt er að nýtt fyrirkomulag taki gildi fyrir upphaf næsta veiðiárs. Sveitarfélög á Vesturlandi hafa ítrekað ályktað um nauðsyn þess að núverandi fyrirkomulag hrognkelsaveiða verði endurskoðað, en það sýndi sig s.l. vor að núverandi það er með öllu óboðlegt. Þar kom glögg í ljós að fyrirkomulagið skapar sjómönnum og vinnslum erfið rekstrarskilyrði og skekkir samkeppnisstöðu. Nauðsynlegt sé að skapa greininni stöðuleika og fyrirsjáanleika sem er grunnþáttur í öllum rekstri. Því er afar brýnt að Alþingi taki hið fyrsta til umfjöllunar breytingar á fyrirkomulagi um hrognkelsaveiðar til þess að bæta rekstrarumhverfi sjómanna og vinnsla með langtíma hagsmuni greinarinnar að leiðarljósi.“

15. Skipan fulltrúa í stafrænt ráð Sambands íslenskra sveitarfélaga

Lagt fram bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga þar sem óskað er eftir því að SSV skipi fulltrúa í stafrænt ráð sambandsins. Stjórn samþykkti að skipa Sævar Frey Práinsson bæjarstjóra á Akranesi í ráðið. Jafnframt var framkvæmdastjóra í samráði við Sævar falið að skipa fulltrúa í vinnuhóp sem mun aðstoða ráðið.

16. Persónuverndarstefna SSV

Á fundinn mætti Sonja Lind Eyglóardóttir og kynnti drög að persónuverndarstefnu SSV sem hún hefur unnið að í sumar. Stjórn samþykkti stefnuna sem verður birt á heimasíðu SSV. Jafnframt veitti stjórn framkvæmdastjóra heimild til að gera verktakasamning við Sonju um að vinna sem persónuverndarfulltrúi fyrir SSV.

17. Framlögð mál

- a. Fundargerð frá fundi stjórnar Sorpurðunnar Vesturlands. Nokkur umræða varð um fundargerðina. Fram kom að stjórn Sorpurðunnar Vesturlands hefur boðað til hluthafafundar til að ræða stefnumótun fyrir félagið mánudaginn 7. september.

Fundi slitið kl. 13.40